

***BORGARRÁÐ 13. ágúst 2020: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að teknar verði upp rafrænar undirskriftir í ráðum og nefndum borgarinnar - R20080055***

Lagt er til að stefnt verði að því að taka upp rafrænar undirskriftir í ráðum og nefndum borgarinnar. Borgin beini því til Sveitastjórnaráðuneytisins að viðeigandi heimildir séu til staðar svo rafrænar undirskriftir séu heimilar líkt og ritað sé með eigin hendi.

**Greinargerð:**

Rafræn tækni hefur verið nýtt í COVID-19 faraldrinum meðal annars fjarfundartækni. Rafrænar undirskriftir hafa rutt sér til rúms í samfélaginu og eru þegar nýttar af einhverjum fyrirtækjum borgarinnar. Sóknarfæri eru í að auka stafræna tækni í stjórnkerfi borgarinnar. Rafrænar undirskriftir eru hluti af þeirri innleiðingu og er gott fordæmi í að ráð og nefndir borgarinnar taki þær upp. Þá mun þetta fyrirkomulag spara tíma, enda eru fundargerðir ráða oft langar og stundum ekki tilbúnar fyrr en allt að klukkustund eftir að dagskrá fundar er tæmd.